

Númer skjals:	FMS-EBL-029
Skjalalykill:	02.01 Fjárhagsáætlun
Útgáfa:	1
Útgáfudags:	13.07.2018
Síðast rýnt / næst rýnt:	2018 / 2019
Ábyrgðarmaður:	Deildarstjóri áætlunar og greiningar

## FMS-EBL-029 Jafnréttisskimun

### Tilgangur jafnréttisskimmunar:

Með jafnréttisskimun er tekið saman með einföldum hætti mat á áhrifum tillögunnar/verkefnisins á jafnrétti kynjanna og/eða jaðarsetta hópa í samræmi við stefnu Reykjavíkurborgar um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun. Jafnréttisskimunin styður við ákvarðanatöku stjórnenda og kjörinna fulltrúa og forgangsröðun um ráðstöfun fjármuna. Fáir tillagan áframhaldandi brautargengi, er gert ráð fyrir að hún fari í jafnréttismat hafi hún jafnréttisáhrif.

### Upplýsingar um verkefnið/tillöguna:

Dagsetning:	30. ágúst 2023
Svið:	Velferðarsvið
Unnið af:	Aðalbjörgu Traustadóttur
Verkefni/tillaga:	Breyting á þjónustuflokki íbúðakjarna á Laugavegi
Þjónustuþáttur:	Húsnæði fyrir fatlað fólk
Stofnun/kostn.st.:	
Fjárhæð:	Áætlaður viðbótarkostnaður á árinu 2023 er 26 m.kr. og 155 m.kr. fyrir árið 2024.
Annað:	

### Jafnréttisskimun:

<b>Hver er tillagan og hvert er markmið hennar?</b>
Tillagan felur í sér að fyrirhugaður íbúðakjarni á Laugavegi 105 verði færður úr þjónustuflokki II í þjónustuflokk III til að unnt sé að mæta stuðningsþörfum væntanlegra íbúa. Markmið tillögunnar að mæta þörfum íbúa betur miðað við nýtt mat á stuðningsþörf. Áætlaður viðbótarkostnaður vegna breytinganna á árinu 2023 eru 26 m.kr. fyrir rekstur í tvo mánuði en áætlun fyrir árið 2024 er 155 m.kr. Áætlað er að kjarninn opni í nóvember 2023.
<b>Hefur verið hugað að aðgerðum við undirbúning tillögunnar til þess að stuðla að jafnrétti? Ef já, lýsið.</b>
Tillagan nær til ákveðins hóps óháð kyni, aldri og fötlun einstaklinganna. Tillagan felur í sér að einstaklingarnir sem um ræðir fái þann stuðning sem þeir eru metnir í þörf fyrir.
<b>Hvaða hópa snertir tillagan?</b>
Tillagan snertir hóp einstaklinga sem býr nú í herbergjasambýli og eru á biðlista.
<b>Hvernig hefur tillagan áhrif á stöðu kynjanna og jaðarsetta hópa? Rökstyðjið.</b>
Tillagan hefur jákvæð áhrif á stöðu þess hóps sem hún nær til. Fatlað fólk þarf margt viðvarandi stuðning til þess að geta lifað sjálfstæðu og innihaldsríku lífi á eigin forsendum. Tillagan nær til einstaklinga óháð kyni.
<b>Er talin vera þörf á jafnréttismati á tillögunni?<sup>1</sup></b>
Ekki að svo stöðu.

<sup>1</sup> Jafnréttismat felur í sér ítarlega kortlagningu á stöðu kynjanna og jaðarsettra hópa á viðkomandi sviði og greiningu á því hvernig tillagan getur aukið jafnrétti og/eða tryggt réttindi þeirra. Jafnréttismat tekur mið af mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar, lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10 frá 2008 og Evrópusáttmála um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum og héruðum samþykktum í borgarstjórn 20. október 2009.